


Alþingi
Erindi nr. P 139/2056
komudagur 20.4.2011



HAFNARFJÖRÐUR

Hafnarfjörður 20. apríl 2011
málsnr. 1104263


Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík.

Umsögn vegna um breytingu á vatnalögum nr. 15/1923, með síðari breytingum, og lögum nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, með síðari breytingum.

Hafnarfjarðarbæ hefur borist tölvupóstur frá nefndarsviði Alþingis dags. 15. apríl 2011 þar sem óskað er eftir umsögn Hafnarfjarðarbæjar vegna frumvarps til laga um vatnalög og rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu vegna tímalengdar nýtingaeyfa og forgangsréttis.

Með frumvarpinu er lagt til að ríki, sveitarfélögum og félögum í þeirra eigu verði heimilt að veita tímabundið afnotarétt að vatnsréttindum til allt að 40 ára í senn og jarðhitaréttindum til allt að 30 ára í senn, í stað 65 ára í senn eins og núgildandi vatnalög og auðlindalög gera ráð fyrir. Jafnframt er lögð til breyting á forgangsréttarákvæðum laganna þannig að í stað þess að handhafi tímabundins afnotaréttar eigi rétt á viðræðum um framlengingu réttarins þegar helmingur umsamins afnotatíma er liðinn þá eigi hann, við lok leigutíma og að tilteknum skilyrðum uppfylltum, forgangsrétt á framlengingu og endursamningu á hinum tímabundna afnotarétti til að hámarki 20 ára. Einnig er lagt til að samningsaðilar geti krafist endurskoðunar á nýtingarsamningi jarðvarmaauðlindar ef í ljós kemur að auðlindin er verulega stærri eða minni en talið var við gerð samnings.

Umhverfisnefnd/sd21 fagnar því að með þessu frumvarpi er verið að stuðla að sjálfbærri nýtingu þeirra náttúruauðlinda sem það nær til og auki þar með að sama skapi möguleika komandi kynslóða til að nýta viðkomandi auðlindir.



HAFNARFJÖRÐUR

Markmiðið um forgangsrétt fyrri afnothafa er hvetjandi fyrir þann sem nýtir auðlindina að gera það á sem skynsamlegastan og hagkvæmastan hátt því það er hagur allra hlutaðeiganda að gengið sé sem best um auðlindina og mannvirki allt fram á síðasta dag. Ef leigjandinn á að eiga möguleika á framlengingu aukast líkurnar á að það verði gert ef reynsla eiganda auðlindarinnar af leigjandanum er góð. Með þessu móti er leitast við að tryggja sjálfbæra nýtingu auðlindar og eins er markmiðið að skapa hvata fyrir leyfishafa annars vegar og ríkið hins vegar til þess sem kalla má „hagkvæma og sjálfbæra hegðun“

Fh. umhverfisnefndar/sd 21 í Hafnarfirði

Berglind Guðmundsdóttir

Staðardagskráfulltrúi
Skipulags- og byggingarsvið Hafnarfjarðar

Strandgata 6 | 220 Hafnarfjörður
Sími 585 5619 | GSM 664 5619

www.hafnarfjordur.is